

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Zulvac SBV stungulyf, dreifa, fyrir nautgripi og sauðfé

2. INNIHALDSLÝSING

Virk innihaldsefni:	Hver 2 ml skammtur (nautgripir) inniheldur:	Hver 1 ml skammtur (sauðfé) inniheldur:
Schmallenberg veira, stofn BH80/11-4, óvirkjuð	RP* $\geq$ 1	RP* $\geq$ 1

*RP=Hlutfallsleg virkni (Relative potency) (virknimæling í músunum), í samanburði við viðmiðunarbóluefni sem sýnt hefur verið fram á að sé virkt í dýrategundinni.

Ónæmisglæðar:

Álhýdroxíð	385,2 mg (4 mg Al ³⁺)	192,6 mg (2 mg Al ³⁺)
Quil-A (saponín útdráttur úr <i>Quillaja saponaria</i>)	0,4 mg	0,2 mg

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni	Magn innihaldsefna ef þær upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir rétta lyfjagjöf dýrallyfsins	
	Hver 2 ml skammtur (nautgripir) inniheldur:	Hver 1 ml skammtur (sauðfé) inniheldur:
Thiómersal	0,2 mg	0,1 mg
Kalíumklóríð		
Kalíum díhýdrogénfosfat		
Dínatríum fosfattvíhýdrat		
Natríumklóríð		
Vatn fyrir stungulyf		

Beinhvít eða bleik dreifa.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Nautgripir og sauðfé.

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Nautgripir:

Til virkrar ónæmingar hjá nautgripum frá 3,5 mánaða aldri til að draga úr veirublóðsýkingu* af völdum Schmallenberg veiru.

Ónæmi myndast: 2 vikum eftir að grunnbólusetningu er lokið.

Ónæmi endist: 1 ár eftir að grunnbólusetningu er lokið.

Sauðfé:

Til virkrar ónæmingar hjá sauðfé frá 3,5 mánaða aldri til að minnka fyrir veirusmit í blóði* sem tengist sýkingu af völdum Schmallerberg veiru.

Ónæmi myndast: 3 vikum eftir bólusetningu.

Ónæmi endist: 6 mánuði eftir bólusetningu.

Bólusetning sauðfjár til undaneldis fyrir fang, samkvæmt ráðlagðri bólusetningaráætlun sem lýst er í kafla 3.9, dregur úr veirublóðsýkingu* og sýkingum yfir fylgju, af völdum Schmallerberg veiru á fyrsta þriðjungi meðgöngu.

*Undir greiningarmörkum gildaðrar RT-PCR aðferðar, sem eru 3,6 log₁₀ RNA-eintök/ml í plasma nautgripa og 3,4 log₁₀ RNA-eintök/ml í plasma sauðfjár.

3.3 Frábendingar

Engar.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun bóluefnisins hjá sermijákvæðum dýrum, þ.m.t. dýrum sem fengið hafa mótefni frá móður.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Á ekki við.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýrallyfinu fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Nautgripir:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):	Hækkaður líkamshiti ¹ Hnúðar á stungustað ²
--	--

¹Tímabundið, allt að 1,5 °C, í allt að 2 daga.

²Í vöðva, allt að 0,7 cm í þvermál, í allt að 10 daga.

Sauðfé:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):	Hækkaður líkamshiti ¹ Þroti á stungustað ² Hnúðar á stungustað ²
--	---

¹Tímabundið, allt að 1,5 °C, í allt að 24 klukkustundir.

²Dreifður þroti eða hnúðar undir húð, allt að 8 cm í þvermál. Viðbrögðin geta komið fram í a.m.k. 47 daga sem dreifður þroti, minna en 2 cm í þvermál.

Lambfullar ær:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):	Hækkaður líkamshiti ¹ Þroti á stungustað ² Hnúðar á stungustað ²
--	---

¹Tímabundið, allt að 0,8 °C, í allt að 4 klukkustundir.

²Dreifður þroti eða hnúðar undir húð, allt að 8 cm í þvermál. Viðbrögðin geta komið fram í a.m.k. 97 daga sem litlir hnúðar, minna en 0,5 cm í þvermál.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafyrivalda. Finna má upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Meðganga:

Sauðfé: Má nota frá og með 2 mánuði meðgöngu.

Nautgripir: Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun bóluefnisins hjá kálffullum kúm.

Mjólkurgjöf:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun bóluefnisins hjá mjólkandi dýrum.

Frjósemi:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun bóluefnisins hjá karldýrum til undaneldis.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóluefnis þegar það er notað samtímis einhverju öðru dýrallyfi. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Hristið hettuglasið fyrir notkun.

Nautgripir:

Til notkunar í vöðva (á hálsi).

Grunnbólusetning:

Handa nautgripum frá 3,5 mánaða aldri: gefa á tvo 2 ml skammta með þriggja vikna millibili.

Örvunarbólusetning:

Gefa á tvo 2 ml skammta með þriggja vikna millibili á eins árs fresti.

Sauðfé:

Til notkunar undir húð (á síðu, aftan við bóg).

Grunnbólusetning:

Handa sauðfé frá 3,5 mánaða aldri: gefa á einn 1 ml skammt.

Handa ám á undaneldisaldri: gefa á einn 1 ml skammt a.m.k. 14 dögum fyrir fang.

Örvunarbólusetning:

Handa sauðfé sem ekki er til undaneldis: gefa á einn 1 ml skammt á 6 mánaða fresti.

Handa ám til undaneldis: gefa á einn 1 ml skammt a.m.k. 14 dögum fyrir hvert fang.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Á ekki við.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýrallyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

4. ÓNÆMISFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði: QI02AA

Til að örva virkt ónæmi gegn Schmallerberg veiru hjá nautgripum og sauðfé.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við nein önnur dýrallyf.

5.2 Geymslupól

Geymslupól dýrallyfsins í söluumbúðum: 1 ár

Geymslupól eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: Notið strax.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið og flytjið í kæli (2 °C – 8 °C).

Má ekki frjósa.

Verjið gegn ljósi.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Pappaaskja með 1 hettuglasi úr háþétnipólýetýleni (HDPE), með klóróbútýltappa og álinnsigli, sem inniheldur 50 ml af bóluefni.

Nautgripir: Askja með 1 hettuglasi sem inniheldur 50 ml (25 skammta).

Sauðfé: Askja með 1 hettuglasi sem inniheldur 50 ml (50 skammta).

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Zoetis Belgium

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/14/178/001

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 06/02/2015.

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

{MM/ÁÁÁÁ}

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

VIÐAUKI II

AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

SKYLDA TIL AÐGERÐA EFTIR ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Markaðsleyfishafi skal ljúka eftirfarandi innan tilgreindra tímamarka:

Lýsing	Tímamörk
Markaðsleyfishafi skal ljúka eftirtöldum aðgerðum (samkvæmt EMEA/V/C/002781/II/006): Leggja skal fram niðurstöður úr eftirlitsprófunum á fyrstu lotu Zulvac SBV sem framleidd er með nýrri stofnveiru (master seed virus) (og samsvarandi stofnveiru).	Eftir framleiðslu fyrstu lotu með nýrri stofnveiru.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM**PAPPAASKJA****1. HEITI DÝRALYFS**

Zulvac SBV Stungulyf, dreifa

2. VIRK INNIHALDSEFNI**Virkt innihaldsefni:**

Schmallenberg veira, stofn BH80/11-4, óvirkjuð

Hver 2 ml skammtur
(nautgripir) inniheldur
RP $\geq$ 1

Hver 1 ml skammtur
(sauðfé) inniheldur
RP $\geq$ 1

3. PAKKNINGASTÆRÐ

50 ml

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Nautgripir og sauðfé.

5. ÁBENDINGAR**6. ÍKOMULEIÐIR**

Nautgripir: til notkunar í vöðva.
Sauðfé: til notkunar undir húð.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími: Núll dagar.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}
Rofna pakkningu skal nota strax.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið og flytjið í kæli.
Má ekki frjósa.
Verjið gegn ljósi.

10. VARNADARORÐIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Zoetis Belgium

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/14/178/001

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM
HETTUGLAS (50 ML)

1. HEITI DÝRALYFS

Zulvac SBV

2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

Óvirkjuð Schmallerberg veira

50 ml

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Notið tafarlaust eftir að umbúðir hafa verið rofnar.

B. FYLGISEÐILL

FYLGISEÐILL

1. Heiti dýrallyfs

Zulvac SBV stungulyf, dreifa, fyrir nautgripi og sauðfé

2. Innihaldslýsing

Virkt innihaldsefni:	Hver 2 ml skammtur (nautgripir) inniheldur:	Hver 1 ml skammtur (sauðfé) inniheldur:
Schmallenberg veira, stofn BH80/11-4, óvirkjuð	RP* $\geq$ 1	RP* $\geq$ 1

*RP=Hlutfallsleg virkni (Relative potency) (virknimæling í músunum), í samanburði við viðmiðunarbóluefni sem sýnt hefur verið fram á að sé virkt í dýrategundinni.

Ónæmisglæðar:

Álhýdroxíð	385,2 mg (4 mg Al ³⁺)	192,6 mg (2 mg Al ³⁺)
Quil-A (saponín útdráttur úr <i>Quillaja saponaria</i>)	0,4 mg	0,2 mg

Hjálparefni:

Thiómersal	0,2 mg	0,1 mg
------------	--------	--------

Beinhvít eða bleik dreifa.

3. Markdýrategundir

Nautgripir og sauðfé.

4. Ábendingar fyrir notkun

Nautgripir:

Til virkrar ónæmingar hjá nautgripum frá 3,5 mánaða aldri til að draga úr veirublóðsýkingu* af völdum Schmallenberg veiru.

Ónæmi myndast: 2 vikum eftir að grunnbólusetningu er lokið.

Ónæmi endist: 1 ár eftir að grunnbólusetningu er lokið.

Sauðfé:

Til virkrar ónæmingar hjá sauðfé frá 3,5 mánaða aldri til að minnka veirusmit í blóði* sem tengist sýkingu af völdum Schmallenberg veiru.

Ónæmi myndast: 3 vikum eftir bólusetningu.

Ónæmi endist: 6 mánuði eftir bólusetningu.

Bólusetning sauðfjár til undaneldis fyrir fang, samkvæmt ráðlagðri bólusetningaráætlun sem lýst er í kafla 8, dregur úr veirusmiti í blóði* og sýkingum yfir fylgju, sem tengjast sýkingu af völdum Schmallenberg veiru á fyrsta þriðjungi meðgöngu.

*Undir greiningarmörkum gildaðrar RT-PCR aðferðar, sem eru 3,6 log₁₀ RNA-eintök/ml í plasma nautgripa og 3,4 log₁₀ RNA-eintök/ml í plasma sauðfjár.

5. Frábendingar

Engar.

6. Sérstök varnaðarorð

Sérstök varnaðarorð:

Eingöngu á að bólusetja heilbrigð dýr.

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun bóluefnisins hjá sermijákvæðum dýrum, þ.m.t. þeim sem fengið hafa mótefni frá móður.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýrallyfinu fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Meðganga:

Sauðfé: Má nota frá og með 2 mánuði meðgöngu.

Nautgripir: Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun bóluefnisins hjá kálffullum kúm.

Mjólkurgjöf:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun bóluefnisins hjá mjólkandi dýrum.

Frjósemi:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun bóluefnisins hjá karldýrum til undaneldis.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um öryggi og verkun þessa bóluefnis við samtímis notkun neins annars dýrallyfs. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

Ósamrýmanleiki sem skiptir máli:

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við nein önnur dýrallyf.

7. Aukaverkanir

Nautgripir:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):
Hækkaður líkamshiti ¹
Hnúðar á stungustað ²

¹Tímabundið, allt að 1,5 °C, í allt að 2 daga.

²Í vöðva, allt að 0,7 cm í þvermál, í allt að 10 daga.

Sauðfé:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):
Hækkaður líkamshiti ¹
Þroti á stungustað ²
Hnúðar á stungustað ²

¹Tímabundið, allt að 1,5 °C, í allt að 24 klukkustundir.

²Dreifður þroti eða hnúðar undir húð, allt að 8 cm í þvermál. Viðbrögðin geta komið fram í a.m.k. 47 daga sem dreifður þroti, minna en 2 cm í þvermál.

Lambfullar ær:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):
Hækkaður líkamshiti ¹
Þroti á stungustað ²
Hnúðar á stungustað ²

¹Tímabundið, allt að 0,8 °C, í allt að 4 klukkustundir.

²Dreifður þroti eða hnúðar undir húð, allt að 8 cm í þvermál. Viðbrögðin geta komið fram í a.m.k. 97 daga sem litlir hnúðar, minna en 0,5 cm í þvermál.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi bóluefnisins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafyrvalda {lýsing á kerfinu}.

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Nautgripir:

Gefið í vöðva (á hálsi).

Grunnbólusetning:

Handa nautgripum frá 3,5 mánaða aldri: gefa á tvo 2 ml skammta með þriggja vikna millibili.

Örvunarbólusetning:

Gefa á tvo 2 ml skammta með þriggja vikna millibili á eins árs fresti.

Sauðfé:

Gefið undir húð (á síðu, aftan við bóg).

Grunnbólusetning:

Handa sauðfé frá 3,5 mánaða aldri: gefa á einn 1 ml skammt.

Handa ám á undaneldisaldri: gefa á einn 1 ml skammt a.m.k. 14 dögum fyrir fang.

Örvunarbólusetning:

Handa sauðfé sem ekki er til undaneldis: gefa á einn 1 ml skammt á 6 mánaða fresti.

Handa ám til undaneldis: gefa á einn 1 ml skammt a.m.k 14 dögum fyrir hvert fang.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Hristið hettuglasið fyrir notkun.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið og flytjið í kæli (2 °C – 8 °C).

Má ekki frjósa.

Verjið gegn ljósi.

Ekki skal nota dýrallyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiðanum og öskjunni á eftir Exp. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymslupól eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: Notið strax.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á í hverju landi. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Leitið ráða hjá dýralækni eða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

13. Flokkun dýrallyfsins

Dýrallyfið er ávísunarskylt.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

EU/2/14/178/001

Pappaaskja með 1 hettuglasi úr háþétnipólýetýleni (HDPE), með klóróbútýltappa og álinnsigli, sem inniheldur 50 ml af bóluefni.

Nautgripir: Askja með 1 hettuglasi sem inniheldur 50 ml (25 skammta).

Sauðfé: Askja með 1 hettuglasi sem inniheldur 50 ml (50 skammta).

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

{MM/ÁÁÁÁ}

Ítarlegar upplýsingar um dýrallyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýrallyf (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

Zoetis Belgium
Rue Laid Burniat 1
1348 Louvain-la-Neuve
Belgía

België/Belgique/Belgien
Tél/Tel: +32 (0) 800 99 189
pharmvig-belux@zoetis.com

Lietuva
Tel: +370 610 05088
zoetis.lithuania@zoetis.com

Република България
Тел: +359 888 51 30 30
zoetisromania@zoetis.com

Česká republika
Tel: +420 257 101 111
infovet.cz@zoetis.com

Danmark
Tlf: +45 70 20 73 05
adr.scandinavia@zoetis.com

Deutschland
Tel: +49 30 2020 0049
tierarzneimittelsicherheit@zoetis.com

Eesti
Tel: +370 610 05088
zoetis.estonia@zoetis.com

Ελλάδα
Τηλ: +30 210 6791900
infoagr@zoetis.com

España
Tel: +34 91 4191900
regulatory.spain@zoetis.com

France
Tél: +33 (0)800 73 00 65
contacteznous@zoetis.com

Hrvatska
Tel: +385 1 6441 462
pv.westernbalkans@zoetis.com

Ireland
Tel: +353 (0) 1 256 9800
pvsupportireland@zoetis.com

Ísland
Sími: +354 540 8000
icepharma@icepharma.is

Italia
Tel: +39 06 3366 8111
farmacovigilanza.italia@zoetis.com

Κύπρος
Τηλ: +30 210 6791900
infoagr@zoetis.com

Latvija
Tel: +370 610 05088
zoetis.latvia@zoetis.com

Luxembourg/Luxemburg
Tél/Tel: +32 (2) 746 80 11
pharmvig-belux@zoetis.com

Magyarország
Tel.: +36 1 224 5200
hungary.info@zoetis.com

Malta
Tel: +356 21 465 797
info@agrimedltd.com

Nederland
Tel: +31 (0)10 714 0900
pharmvig-nl@zoetis.com

Norge
Tlf: +47 23 29 86 80
adr.scandinavia@zoetis.com

Österreich
Tel: +43 (0)1 2701100 100
tierarzneimittelsicherheit@zoetis.com

Polska
Tel.: +48 22 2234800
pv.poland@zoetis.com

Portugal
Tel: +351 21 042 72 00
zoetis.portugal@zoetis.com

România
Tel: +40785019479
zoetisromania@zoetis.com

Slovenija
Tel: +385 1 6441 462
pv.westernbalkans@zoetis.com

Slovenská republika
Tel: +420 257 101 111
infovet.cz@zoetis.com

Suomi/Finland
Puh/Tel: +358 10 336 7000
laaketurva@zoetis.com

Sverige
Tel: +46 (0) 76 760 0677
adr.scandinavia@zoetis.com

United Kingdom (Northern Ireland)
Tel: +353 (0) 1 256 9800
pvsupportireland@zoetis.com

Framleiðandi sem ber ábyrgð á lokasamþykkt:
Zoetis Manufacturing & Research Spain, S.L.
Carretera De Camprodon S/n
La Vall De Bianya
17813 Girona
Spánn

17. Aðrar upplýsingar

Til að örva virkt ónæmi gegn Schmallerberg veiru hjá nautgripum og sauðfé.